



Í Skálholtskirkju

Bjarni Benediktsson – Bókmenntir – Ljóð – Matthías Johannesen – Lesbók – Morgunblaðið

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnámálamaðurinn
Askja 2-29, Örk 2

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

MATTHÍAS JOHANNESSEN

Í
SKÁLHOLTS-
KIRKJU

(Sérprentun úr Lesbók Morgunblaðsins 21. júlí 1963).

MATTHÍAS JOHANNESSEN

Í
SKÁLHOLTS-
KIRKJU

Til vina okkar í

Haukhlíð

met kvæti

Matth.

(Sérprentun úr Lesbók Morgunblaðsins 21. júlí 1963).

I

Úthafsblá við bjartar nætur
blundar jörð í ljóði þínu.
Hafið laugar landsins fætur.
Lifnar sól í brjósti mínu.
Tíminn grær sem tún úr vori,
tindótt fiall með djúpar rætur.

Ber mér unaðsilm úr spori
altarið í brjósti þínu.
Litbrennd orð og líkjast gluggum
leita skjóls í hjarta mínu.
Aftanröðull roðar fjöllin
rökkurblá af þögn og skuggum.

Geislar fylla vori völinn.
Vakinn dagur gengur fetið
inn í landsins ljósu grímu,
logar nótt við strengblá fjöllin.
Fyrri tíða harmahretið
hverfur fyrir morgunskímu.

II

Eg hef setið undir skuggum
altaris á hljóðu kveldi,
látið augun leita í gluggum
leiftra upp af fornum eldi,
þar sem glæddust glóðir sagna;
gömul jörðin sveipast feldi

hvíttra skýja — þrestir þagna
þreyttir eftir langan daginn,
þannig mun ég þröttlaus bíða
þín er myrkrið hylur æginn,
heita á þínar hurðir, fela
himni þínum nótt og kvíða.

Leggst hún yfir líf sem héla
langmyrkvuð á tind og heiðar
nóttin hinzta, kemur kaldur
kyrkingur í holt og mela.
Hestur dauðans hingað skeiðar,
hvelfist tímans öldufaldur.

Leita ég þá lífs í þínum
ljúfa faðmi, kirkjan góða,
fel þér veikt af vörum mínum
vænglaust orð í stuðlum ljóða.
Landið veitir vini sínum
verðugt skjól og moldin hljóða.

III

Sé ég hendur manna mynda
meginþráð að himnastóli,
lýsa milli ljósra tinda
langeldar frá Öskuhóli,
liðnar aldir líf sitt binda
við ljóðasöng í þínu skjóli.

Hér batzt áður ást í meinum
undir grænum hlíðarvanga,
eins og flögri fugl á steinum
friðlaus þar sem kjörrin anga
eða lífni ljóð á greinum
lífsins eftir vegferð stranga.

Gamall kór til himnahæða
höndum fórnar, brenna eldar
þeir sem sálmasöngva glæða,
sagnir ljóðs í stuðla felldar.
Þú munt kirkjan góða græða
gömul sár er daginn kveldar.

IV

Eins og fljúgi flugvél yfir
fjallatind með drunum þungum
þannig veit ég, þjóð mín, lífir
þríeinn guð í hjörtum ungum
efst og hæst á himni bláum,
heilagt orð á mörgum tungum.

Eins og tré úr túni og stráum
teygir sig í átt til skýja,
þannig vex þinn turn til trúar
úr tvískinnungi stáls og blýja,
stendur vörð um veröld alla:
Vituð ér hver fljótið brúar

spurði völvan vættir fjalla
(vor spratt þá við hraun og steina)
þú átt svarið sólin eina
sumarhvít á fögrum hjalla,
eins og fugl á fingrum greina
flögra ég við þína vegg.

Fyrrum átti eg fjöll og leggi
feigðarlaust að mínum vinum,
núna guð á grýttum slóðum
gamlan skjöld í éli og hreggi,
eins og kul að háum hlynum
hvíslar hann í sögn og ljóðum.

V

Þú ert kirkja máttug móðir
mildileg og hrein á vanga,
þú ert blóm sem blíðust anga,
blessun yfir lönd og þjóðir,
þú ert styrkust hönd af hæðum
himnaguðs og landsins brúður.
Hlusta laud er hljómar lúður
helgra tíða í sögn og kvæðum;

hlusta þegar kirkjan kallar
kliðmjúkt eins og fugl á engi,
hver á fegri fiðlustrengi
föllum þegar degi hallar?
þá er stoð að heyra hljóma
helgra orða vers og bænir,
þegar dimmur dauðinn rænir
dagsins sól og fjallablóma;

hlusta enn á horfnra alda
hljóðan nið frá Skálholtsstóli,
gnæfir hún á grænum hólí
göfug móðir landsins kalda.
Móðir græð þú mein og kvíða
minnar þjóðar á villudögum,
lif í fólksins ljóði og sögum
lifandi orð og sólin blíða,

glæsileg sem roðnust rósa,
regn á þurrum akurlöndum,
melgresi á svörtum söndum,
sólarbirta á meðal ljósa,
þú ert kirkja mætust móðir
mun ég þína vegi ganga
seinna er ég legg í langa
lestarferð á huldar slóðir.

